

# „Sá sem finnur sjálfan sig að lokum“

Í marsmánuði 1981 hitti ég Hjört Nielsen kaupmann og bað hann um að rifja upp minningar frá 37 ára veitingaferli. Hjörtur sagði þetta m.a.:

„Ég fæddist á Ísafirði 16. apríl 1898. Foreldrar mínir voru Þórunn, fædd Blöndal og Sophus Nielsen kaupmaður. Faðir minn var tvíkvæntur og átti mörg börn. Hann andaðist árið 1905. Þrem árum síðar flutti móðir mín til Reykjavíkur með yngstu börn sín. Þar setti hún upp matsölu.

Árið 1910 gerðist ég þingsveinn. Það var mjög eftirsótt starf fyrir stráka á mínum aldri. Ég mun hafa fengið þessa vinnu vegna meðmæla Kristjáns Jónssonar háyfirdómara. Vinátta góð var með konu Kristjáns og móður minni og mun það hafa átt sinn þátt í að ég fékk þetta starf. Vikukaup þingsveins var þá 11 krónur og 25 aurar. Var það stórfé, mælt á kvarða þess tíma. Auk þess fengum við þingsveinar stundum skildinga hjá þingmönnum.

Ég var þingsveinn næstu fjögur árin. Allir félagar mínir í hópi þingsveinanna frá þessu árabili eru nú horfnir. Allir eru þingmennirnir enn mér mjög minnisstæðir. Í þeim hópi eru margir þjóðkunnir þingskörungur. Af þeim er sennilega Hannes Hafstein mér minnisstæðastur. Hann hafði verið sýslumaður Ísafirðinga og var mér þess vegna áður að góðu kunnur. Við þingsveinar vorum allir mjög pólitískir, héldum okkar eigin stjórn mála fundi þar sem við fórum í bardagahami kappanna í þingsölum. Ég var alla tíð mjög harður fylgismaður Hannesar Hafstein.

Það er náttúrlega ofmælt að Hannes Hafstein hafi átt þátt í að móta lífsstefnu mína, en þó var það að hans frumkvæði að ég hóf fyrst veitingastörf. Það var einhverntíma seint á þingsveinsferli mínum að Hannes spurði mig hvort ég vildi ekki aðstoða Ástríði, dóttur sína í veislu, sem hann ætlaði að halda þingmönnum í ráðherrabústaðnum. Það samþykkti ég með mestu ánægju. Í þessari veislu veitti Hannes þingmönnum kampavín af mikilli rausn. Ég gekk þar á milli gesta og hellti kampavíni í glös. Þar voru stigin fyrstu spor mín á þeirri braut sem ég átti síðar eftir að feta.

Maður er nefndur Theodór. Hann var Jónsson en ritaði föðurnafn sitt Johnson.

Theodór hafði lært kökugerð erlendis, að því er ég best veit í Þýskalandi. Eftir að hann kom heim setti hann upp kökugerð og litla kaffistofu í Austurstræti við hliðina á Hótel Reykjavík. Árið 1915 leigði Theodór veitingasalinn á Hótel Íslandi. Þá munu góðtemplarar hafa átt hótelið. Ég veit ekki betur en að þeir hafi sjálfir annast rekstur gistirýmis. A.m.k. var hann óviðkomandi þeim veitingarekstri sem Theodór leigði af templurum. Veitingum var haldið uppi í sal og ájarðhæð. Inngangur var frá Austurstræti. Ég get ímyndað mér að sá salur hafi rúmað milli 60 og 70 manns. Eldhús var á jarðhæð, kökugerð var í kjallara. Þar voru einnig geymslur. Gengið var inn í Vöruhúsið á horni Aðalstrætis og Austurstrætis. Nýja bíó var Veltusundsmegin í Hótel Ísland.

Það var einhvern tíma eftir að Theodór var búinn að taka á leigu veitingareksturinn á Hótel Ísland að við fréttum að hann vantaði þjón. Þetta var árið 1915. Ég var þá orðinn 17 ára gamall og hafði enga fasta vinnu. Það freistaði mín að kanna hvort ég gæti fengið störf hjá Theodór. Ég fann hann að máli og samkomulag var um að ég skyldi byrja til reynslu.

Ég gekk svo beint til starfa, vitanlega undirbúningslaust. Þegar ég kom til vinnu var Elías Dagfinnsson, síðar bryti og veitingamaður hjá Loftleiðum, þjónn hjá Theodór, og þá búinn að starfa um hríð. Um tíma var Bjarni Engilberts þjónn. En hann fór fljótlega. Eftir það vorum við Elías, tveir einir, þjónar. Til að byrja með fékk ég leiðsögn hjá þeim Theodór og Elíasi. Eftir það varð ég sjálfur að bjarga mér á eigin spýtur.

Opið var frá klukkan átta á morgnana til klukkan hálf tólf á kvöldin. Seldur var matur og aðrar almennar veitingar. Hjá okkur Elíasi voru vaktaskipti klukkan þrjú. Við fengum frítt fæði í vinnutímanum. Kaup var ekkert annað en drykkjupeningar. Um hefðbundinn hundradshluta var ekki að ræða. Nær allir greiddu einhverja drykkjupeninga og margir nógu riflega til þess að í reynd fengum við sémilegt kaup þegar nóg var að gera.

Af starfsfólki voru eru mér þær minnisstæðastar Guðrún Eiríksdóttir, síðar kunn matselja í Reykjavík, sem stjórnaði stúlkum í eldhúsi, og þær Áslaug síðar kona



Elíasar Dagfinnssonar, og Helga síðar kona Egils Vilhjálmssonar. Áslaug og Helga unnu báðar við afgangsluborð í veitingasalnum. Þar voru á boðstólum margar gerðir af kökum sem Theodór hafði bakað. Hann var ágætur kökugerðarmaður.

Að sjálfsgöðu voru engar vínveitingar í þessu húsi góðtemplaranna. Leikið var á hljóðfæri fyrir gesti á kvöldin. Af hljóðfæraleikurum eru þeir bræður Þórarinn Guðmundsson og Eggert Gilfer mér minnisstæðastir.

Theodór Johnson nefndi veitingastað sinn „Nýja land“, sennilega til aðgreiningar frá Hótel Ísland. Ég held að þetta nafn á veitingastaðnum hafi ekki átt sér langan aldur. Þess vegna er það nú flestum gleymt. Nýja land varð vinsæll veitingastaður. Þar borðuðu allmargir fastagestir og hópar kaupsyslu- og skrifstofumanna vöndu þangað komur sínar til að spjalla saman yfir kaffi og öðrum veitingum. Smurt brauð var tilreitt og sent til viðskiptavina úti í bæ. Margir komu og fengu veitingar fyrir eða eftir sýningar í Nýja bíó. Meðal viðskiptavina okkar voru kunnir borgarar í bænum. Öll var starfsemin á Nýja landi með miklum menningarbrag.

Sumarið 1916 fékk ég frí frá störfum á Nýja landi til þess að gerast þjónn á fyrsta farrými á Godafossi, skipi Eimskipafélagsins, sem hafði komið hingað árið áður. Ég var þar bara um hásumarið en fór aftur til vinnu á Nýja landi um haustið. Þá voru þar orðin húsbóndaskipti.

Theodór var þá hættur og farinn að vinna við veitingarekstur á Akureyri. Fyrst hafði tekið við veitingastarfsemi á Nýja landi Einar Guðjónsson, sem hafði verið yfirþjónn á Hótel Reykjavík. Hann dó skömmu síðar af slysförum. Þá tók við rekstrinum Bjarni Magnússon bankastarfsmaður. Hann var bróðir Guðbrandar Magnússonar prentara, síðar forstjóra Áfengisverslunar ríkisins. Bjarni var ófróður um veitingarekstur. Hann fylgdist með fjármálum en að öðru leyti fól hann okkur Elíasi að annast veitingareksturinn. Ég vann hjá Bjarna á Nýja landi fram á sumarið 1918.

Theodór Johnson hætti störfum á Akureyri og gerðist bryti á Gullfossi, Eimskipafélagsins. Sumarið 1918 kom hann að máli við mig og spurði hvort ég vildi gerast þjónn hjá sér á Gullfossi. Það varð að ráði. Ég sagði upp starfi mínu á Nýja landi og var skráður á Gullfoss 16. ágúst 1918. Það, sem olli ákvörðun minni, var að mér féll vel á sjó, langaði til að breyta til og gerði ráð fyrir að geta aukið tekjur mínar. Þó að fasta kaupni væri lágt, 15 krónur á mánuði, mátti gera ráð fyrir góðum drykkjupeningum. Theodór hafði reynst mér góður húsbóndi og hlakkaði ég þess vegna til samstarfs við hann.

Vegna heimsstyrjaldarinnar urðu Íslendingar að beina viðskiptum sínum til Ameríku. Það olli því að Gullfoss var aðallega í Ameríkusiglingum árið 1918. Uppúr því fóru siglingar að hefjast á ný til Danmerkur og Bretlands. Jómfrúferð mín með Gullfossi var þess vegna farin til Ameríku.

Rými var fyrir 74 farþega á Gullfossi, 44 á fyrsta farrými og 30 á öðru. Á þessum árum var skipið aldrei fullsetið farþegum í ferðum milli landa. Ég sé það t.d. af skjali sem mér var afhent í lokaferð frá Ameríku í maímánuði 1919 að farþegar voru þá alls 32. Í það skipti afhentu þeir mér þakkir fyrir að ég þjónaði þeim „af frábærum dugnaði lipurð og kurteisi“, að því er þeir sögðu. Mér þótti vænt um þessa viðurkenningu. Þakkir fyrir velunnin störf verða e.t.v. mest og best metin þegar ævistarfinu er að ljúka. Ég hef verið svo heppinn að eignast hlýhug margra, sem hafa unnið með mér á langri leið minni. Það þykir mér vænt um. Þess vegna geymi ég enn þetta gamla plagg, ásamt meðmælum frá Emil Nielsen, forstjóra Eimskipafélagsins, sem lét það oft í ljósi að hann væri mér þakklátur fyrir störf mín.

Þó að það þætti gott árið 1918 að fá þjónsstarf á Gullfossi þykir mér sennilegt að þau kjör, sem þá voru boðin, þættu nú ekki mjög fýsileg. Vinnudagurinn hófst með því að þjónninn þvodi veitingasalinn. Hann varð líka að vera búinn að leggja á borð klukkan átta. Eftir það var viðstöðulítil vinna, hádegisverður klukkan ellefu, síðdegiskaffi klukkan þrjú, aðalréttur klukkan fimm og kvöldkaffi eða te klukkan hálfnú. Til dæmis um verðlag má geta þess að allar fastar veitingar kostuðu farþega ekki nema 10 krónur á dag.

Enda þótt mér félli betur að vera á Gullfossi en vinna í veitingahúsi þá ákvað ég að hætta þar 15. nóvember 1919. Ég var orðinn leiður á að vera þjónn og ákvað að reyna að svipast um eftir öðru starfi. Ég fór af skipinu í Kaupmannahöfn þar sem ég hitti bróður minn, Fridtíof, sem þá var sölumaður. Það varð að ráði að ég færi með söluvarning Friðþjófs eina ferð til Íslands með Gullfossi. Síðar varð um það samkomulag að ég gerðist aðstoðarmaður Kristjáns Torfasonar, útgerðarmanns frá Flateyri við Öndurfjörð. Með honum fór ég til Kaupmannahafnar á útmánuðum veturinn 1920. Vorum við þar um hríð. Vorið 1920 hittust þeir í Kaupmannahöfn bróðir minn, Friðþjófur og Emil Nielsen, forstjóri Eimskipafélagsins. Emil spurði Friðþjóf hvar ég væri niður kominn. Friðþjófur sagði sem var, að ég væri orðinn leiður á að vera þjónn og gegndi nú engu föstu starfi. Þá sagði Emil Nielsen:

„Segið þér bróður yðar að afla sér þekkingar á fjármálum veitingareksturs. Þegar hann er búinn að því getur hann komið og talað við mig“.

Ég þurfti ekki að láta segja mér þetta tvisvar. Mér tókst að semja um það við Centralbanekökkenet í Kaupmannahöfn að fá námsdvöl gegn 50 króna gjaldi á mánuði. Þar vann ég í eldhúsinu og fékk að fylgjast með innkaupum á matvællum og bókhaldi. Þarna dvaldi ég í rúma fimm mánuði og varð margs vísari. Að því búnu fór ég til Íslands, gekk fyrir Nielsen, minnti á samtali þeirra Friðþjófs og sýndi Nielsen plögg mín frá Centralbanekökkenet. Þá sagði Nielsen:

„Nú hittu þér vel á. Ég var einmitt núna að fá skeyti frá skipstjóranum á Willemoes, sem nú er á Akureyri. Þar vantar bryta. Farið þér beint til Akureyrar með Sterling. Hann fer á morgun“.

Svonaatvikaðist það að ég var lögskráður

bryti á landssjóðsskipið Willemoes á Akureyri 25. október 1920. Willemoes var þá gerður út af Eimskipafélagi Íslands. Síðar keypti félagið skipið og nefndi það Selfoss. Á þessum árum voru brytarnir á skipum Eimskipafélagsins sjálfstæðir atvinnurekendur. Þeir seldu farþegum fæði fyrir eigin reikning. Farþegar á fyrsta farrými voru skyldir til að kaupa fæði en á öðru farrými var það frjálst. Brytar greiddu laun þjóns, búrmanns og skipsþernu. Samkomulag var milli bryta og útgerðarstjórnar um greiðslur vegna fæðis áhafnar.

Þar sem Willemoes var eign landssjóðs voru kjör brytans allt önnur en á þeim skipum sem voru eign Eimskipafélagsins. Á Willemoes var brytinn starfsmaður félagsins á fullu kaupum og annaðist veitingareksturinn í umboði félagsins og á ábyrgð þess. Auk þess var Willemoes einungis vöruflutningaskip, án farþegarýmis. Þó að ekki væri um sjálfstæðan atvinnurekstur að ræða varð dvölin á Willemoes mér góður skóli. Þar var ég í rúm þrjú ár.

Í ársbyrjun 1924 bauðst mér starf bryta á Lagarfossi. Ég var lögskráður á skipið 14. febrúar 1924. Þar var rými fyrir 32 farþega. Á Lagarfossi var ég þangað til 7. janúar 1926. Þá fluttist ég yfir á Gullfoss og var þar bryti þangað til ég lét afskrá mig 21. desember 1931.

Þá var starfstími minn, sem bryti í þjónustu Eimskipafélagsins orðinn 11 ár. Lengst sigldi ég undir stjórn Sigurðar Péturssonar og Júlíusar Júlínússonar. Þeir voru mjög ólíkir þó að báðir væru smákóngar, sem allir urðu að hneigja sig fyrir. Sigurður var hægur og afskiptalítill um annað en það sem honum bar að sjá um. Júlíus var hins vegar ótrúlega smámunasamur og átti til með að vera með nefið niðri í öllu. En okkur kom ágætlega saman. Ég held að ég hafi alveg kunnað á honum lagið.

Ekki auðgaðist ég á þessum 11 árum. En þó var ég búinn að koma sámilega undir mig fótunum. Ég var þá kvæntur, búinn að koma mér upp góðu innbúi og átti dálítið af skildingum. Til þess að ég hætti á Gullfossi lágu tvær ástæður. Í fyrsta lagi langaði mig til að vera heima hjá fjölskyldu minni og í öðru lagi lék mér hugur á að koma upp eigin veitingarekstri. Ég taldi að í Reykjavík ætti að vera grundvöllur fyrir rekstri lítills veitingahúss þar sem boðnar væru veitingar í aðlaðandi umhverfi. Mér

tókst að finna húsnæði sem ég taldi mig geta breytt í samræmi við hugmyndir mínar. Það var á annarri hæð í húsinu nr. 10 við Austurstræti. Braunsverslun var eigandinn. Þar höfðu áður verið skrifstofur.

Ég hófst nú handa við að brjóta niður vegg og breyta. Ekki man ég nú hve stórt húsnæðið var, en það urðu tveir veitingasalir, annar að sunnanverðu, Austurvallarmegin, hinn, sem var minni, að norðanverðu, Austurstrætismegin. Inn af honum var eldhús. Lítil geymsla var í kjallara. Húsnæðið gerði ég eins vel úr garði og mér var unnt, lagði veitingasalina teppum og fékk í þá smekkleig húsgögn. Ég vandaði einnig til borðbúnaðar og innréttingar eldhúss. Ég giska á að báðir salirnir hafi rúmað 90 manns. Veitingastaðinn nefndi ég Café Vífill. Þar ákvað ég að hafa almennar veitingar. Mikil áhersla var lögð á að álegg væri fjölbreytilegt. Ég sé það á gömlum matseðli að við buðum fjörutíu og tvær tegundir af áleggi. Ódýrasta brauðsneiðin kostaði 20 aura en sú dýrasta eina krónu og fimmtíu og fimm aura.

Vífill var opnaður í febrúarmánuði 1932. Fyrst var ágæt aðsókn. Fólki kom auðvitað fyrir forvitnissakir til að byrja með, en svo tóku gestir að venja komur sínar til okkar. En þegar á leið var auðsætt að þó að gestir virtust kunna vel við sig hjá okkur þá voru þeir ekki nógu margir til þess að unnt væri að standa undir daglegum rekstrarkostnaði og greiðslna vaxta og afborgana skulda sem stofnað var til í öndverðu. Upphaflega hafði ég ætlað mér að eignast kyrrlátan veitingastað. En þegar auðsætt var að það myndi ekki verða nógu arðbært reyndi ég að setja upp danspall og fá mér hljómsveit. Ekki reyndist það heldur nógu arðbært.

Þegar ég horfi nú til baka held ég að það hafi hreinlega ekki verið grundvöllur fyrir veitingahúsi af gerð Vífils í Reykjavík á þessu árabili. Kreppan var þá í algleymingi. Þeir, sem höfðu góð fjárráð, fóru á Hótel Borg þar sem unnt var að fá vínföng og góðan mat. Ungu fólkið, sem vildi skemmta sér án þess að kosta til alltof miklu fé, fór þar sem fjölmenni var við dans. Það var þess vegna ekki til sá hópur viðskiptavina, sem ég hafði stefnt til að eignast, góðborgarar, sem vildu borða eða drekka saman kaffi á menningarlegum og vínveitingalausum veitingastað.

Ég varð gjaldþrota, tapaði öllu sem ég hafði dregið saman heima og í veitingastofunni, stóð uppi með konu og tvö börn, eigna- og atvinnulaus. Það var

dapurleg lífsreynsla. Ekki dugði að gefast upp. Ég varð að klóra í bakkann, reyna að vinna mig uppúr klípunni.

Nú fór ég á fund þeirra Sigurðar Gröndal yfirþjóns og Jóhannesar Jósefssonar gestgjafa á Hótel Borg, og bað um vinnu. Báðir voru þeir mér að góðu kunnir og vildu mér vel. Það varð að ráði að ég fengi vinnu, gerðist óbreyttur þjónn á Borg. Það voru mikil viðbrigði eftir að hafa verið sjálfráður í störfum um langt árabil. Ég var svo þjónn á Hótel Borg þangað til Sigurður Gröndal lét af störfum. Þá varð ég yfirþjónn. Því starfi gegndi ég til ársins 1943. Þá varð ég veitingastjóri. Það starf rækti ég til loka ársins 1952. Þá sagði ég upp og undirbjó stofnun eigin verslunar með postulíns- og kristalvörur. Ég opnaði þá verslun 5. nóvember 1953 í húsinu nr. 3 við Templarasund, sem var þá eign Ólafs Magnússonar ljósmyndara. Eftir það hef ég rekið verslun á þessum stað. Veitingaferill minn varð alls 37 ár. Á honum urðu skin og skúrir. Þó að þeim eina kapitula hans, sem varðar eigin veitingarekstur, lyki á annan veg en þann, sem upphaflega var ætlað, á ég margar dýrmætar minningar frá veitingaferli mínum. Ég hafði þar kynnst mörgum góðum manni, sem gott er að geta nú minnst með þakklæti. Það á ekki síður við síðasta tímabilið en þau fyrri. Að því er varðar Jóhannes á Borg þá tókst mér alltaf að lynda við hann. Hann treysti mér alltaf og lét mig sjálfráðan innan þess verksviðs sem mér var afmarkað í stjórn veitingarekstursins, innkaupum og öðrum, sem hann varðaði. Að öðru leyti var stjórn hótelsins mér óviðkomandi.

Þó að mér leiddust störf veitingaþjóns, allt frá því er ég fór á land af Gullfossi í Kaupmannahöfn í nóvembermánuði árið 1943, þá er mér ljóst að til að verða góður veitingamaður er nauðsynlegt að ganga öll þrep veitingareksturs, allt frá lægstu störfum upp í sæti forstjórans. Enda þótt draumur minn um að skípa það sæti með sæmd rættist ekki þá er einnig í starfi forstjóra veitingareksturs margt að finna sem hagnýtt er á öðrum sviðum viðskipta. Ég held þess vegna að þó veitingabraut mín yrði of stutt til að tryggja mér stjórn eigin veitingareksturs, þá hafi hún orðið nógu löng til undirbúnings því starfi sem ég hef nú bráðum rækt í þrjá áratugi í verslun minni við Templarasund. Og ég held að sá, sem finnur sjálfan sig að lokum, hafi ekki leitað án árangurs.“ ❀